

Reykjavík, 12. júní 2024

Nefnda- og greiningasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Smiðju – Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík  
[umsagnir@althingi.is](mailto:umsagnir@althingi.is)

Bls. | 1

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (rekstraröryggi greiðslumiðlunar) í ljósi samþykkrar breytingartillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar við aðra umræðu á Alþingi**

Hinn 5. febrúar sl. lagði forsætisráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (þskj. 991 í 662. máli). Eftir fyrstu umræðu var frumvarpinu vísað til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Hinn 15. maí síðastliðinn lagði meiri hluti nefndarinn fram nefndarálit um frumvarpið með breytingartillögu (þskj. 1731).

Með umsögn þessari leggjast SVP – Samtök verslunar og þjónustu gegn breytingartillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Við framlagningu frumvarpsins var í 2. gr. þess lagt upp með að heimila Seðlabanka Íslands að setja reglur um rekstraröryggi greiðslumiðlunar þar sem m.a. mætti mæla fyrir um *nauðsynlegar ráðstafanir eins og fyrirkomulag innviða innlendrar greiðslumiðlunar, tilhögun greiðslufyrirmæla, sannvottun, ábyrgð og uppgjör greiðslna, aðgang að slíkum innviðum, skyldu lánastofnana hér á landi til þátttöku, gjald fyrir afnot af innviðum og mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda*. Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar er hins vegar lögð til breyting á reglusetningarheimildinni og orðast tillagan svo:

Í reglunum er heimilt að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir eins og fyrirkomulag innviða greiðslumiðlunar, netöryggi, tilhögun greiðslufyrirmæla, sannvottun, ábyrgð og uppgjör greiðslna, aðgang að slíkum innviðum og skyldu lánastofnana hér á landi til þátttöku.

Í stuttu máli felur framangreind tillaga það annars vegar í sér að í reglunum verði, til viðbótar við áformin sem endurspegluðust í 2. gr. frumvarpsins, heimilt að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir vegna netöryggis. Hins vegar er lagt til að felldar verði brott heimildir Seðlabanka Íslands til þess að mæla fyrir um gjald fyrir afnot af innviðum og *mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda*.

Samkvæmt umfjöllun í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar má segja að tillagan um niðurfellingu að heimild til að mæta fyrir um gjald fyrir afnot af innviðum sé lagatæknilegs eðlis. Sá hluti tillögunnar sem varðar heimild til setningar reglna um mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda er hins vegar rökstuddur með eftirfarandi hætti:

Samhliða er lagt til að heimild til að setja mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda falli niður til þess að koma til móts við athugasemdir varðandi inngríp Seðlabankans á samkeppnismarkaði.

Athygli vekur að breytingartillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar eru í fullu samræmi við tillögur sem komu fram í minnisblaði sem Seðlabanki Íslands sendi nefndinni, dags. 3. maí 2024 auk þess sem rökstuðningur að baki tillögunum, í nefndarálit, er sá sami. Í minnisblaðinu segir m.a.:

Bls. | 2

Einnig er lagt til að heimildir til gjaldtöku byggist á þeim heimildum sem nú þegar eru fyrir hendi skv. 43. gr. laga um Seðlabanka Íslands en þær ná einnig til gjaldtöku vegna greiðslumiðlunar. Samhliða er lagt til að heimild til að setja mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda falli niður til að koma til móts við athugasemdir varðandi inngríp Seðlabankans á samkeppnismarkaði.

(Undirstrikun SVP)

Í þessu samhengi er rétt að rifja upp skýringar á heimildinni til að setja gjaldtöku greiðsluþjónustuveitanda mörk, eins og þær birtast í sérstökum athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins:

Með mörkum á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda er gert ráð fyrir að heimilt verði að setja reglur um hámarksgjaldtöku greiðsluþjónustuveitanda fyrir notkun viðkomandi greiðsluinnviða. Þannig verði með reglum hægt að takmarka kostnað sem lagður verði á viðskiptavini banka vegna millifærslna.

Ef tekið er mið af framangreindri umfjöllun felur breytingartillaga meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar m.a. í sér að í stað þess að Seðlabanka Íslands verði heimilt með reglusetningu að takmarka þann kostnað sem lagður verði á viðskiptavini banka vegna millifærslna við greiðslumiðlun verði honum það einfaldlega ekki heimilt. Þannig verður bönkum í raun í sjálfsvald sett hve hátt þeir stilla slíkri gjaldtöku. Þegar haft er í huga að bankar kunna að hafa talsverða hagsmuni af því hvernig greiðslumiðlunarstarfsemi þróast hér á landi má í einhverjum mæli halda því fram að breytingartillagan muni tryggja þeim annars vegar möguleika á að hagnast ótakmarkað á gjaldtöku fyrir millifærslur, t.d. við notkun sk. reikning-í-reikning lausna (e. account to account), og hins vegar til að tálma útbreiðslu slíkra lausna. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að Seðlabanki Íslands hefur um nokkra hríð vakið athygli á hve hár greiðslumiðlunarkostnaður er hér á landi, m.a. vegna notkunar greiðslukorta, í samanburði við kostnað í nágrannaríkjunum. Hefur í því samhengi m.a. verið vísað til lausna erlendis sem jafna má við reikning-í-reikning lausnir. Þá hafa bæði seðlabankar og erlendir fræðimenn bent ítrekað á að bankar o.fl. hafi lítt stuðlað að hagræði í greiðslumiðlun í ljósi stöðunnar á þeim markaði enda hafi þeir ákveðna hagsmuni af stöðunni og lítinn hvata til breytinga og framþróunar.

Að mati SVP er tillaga efnahags- og viðskiptanefndar, þess efnis að heimila Seðlabanka Íslands ekki að kveða í reglum um rekstraröryggi greiðslumiðlunar mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda ekki aðeins óskynsamleg heldur þess umbúin að gera bönkum fært að leggja stein í götu annars vegar þeirra sem vinna að þróun nýrra greiðslumiðlunarlausna og hins vegar verslunar- og þjónustufyrirtækja og neytenda sem ætti að geta hlotnast töluvert kostnaðarhagræði af þróun og útbreiðslu nýrra greiðslulausna.

Í ljósi framangreinds leggjast SVP gegn breytingartillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, nánar tiltekið þeim hluta hennar sem felur í sér að Seðlabanka Íslands verði ekki heimilt að mæla, í reglum um rekstraröryggi greiðslumiðlunar, fyrir um mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitenda.

Bls. | 3

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



*Benedikt S. Benediktsson*  
lögfræðingur